

AUGLÝSING

um friðlýsingu Kalmanshellis í Hallmundarhrauni.

1. gr.

Um friðlýsinguna.

Umhverfisstofnun hefur að tillögu Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands og með samþykki landeigenda; Bryndísar Jónu Jónsdóttur og Ólafs J. Kristóferssonar, og Ástríðar Sigurðardóttur sem og sveitarstjórnar Borgarbyggðar, ákveðið að friðlýsa hraunhellinn Kalmanshelli í Hallmundarhrauni sem náttúruvætti í samræmi við 2. tölul. 1. mgr. 53. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Kalmanshellir er í flokki örfárra hella á jörðinni sem skarta jafn glæsilegum og ósnortnum hraunmyndunum og er hann náttúrufyrirbæri á heimsvísu. Hellirinn skartar einnig óvenju glæsilegum og ósnortnum hraunstráum. Á 500 m kafla hellisins er óvenju mikið magn hraunstráa, þ.m.t. eitt lengsta þekkta hraunstrá jarðar, 165 sm að lengd, og auk þess töluvert magn af dropsteinum.

2. gr.

Markmið friðlýsingarinnar.

Markmið friðlýsingarinnar er að vernda Kalmanshelli, einstæðar jarðmyndanir hellisins og hellakerfið allt, sem er um 4 km langt, og koma í veg fyrir röskun og skemmdir á jarðmyndunum hellisins. Sérstakar takmarkanir eru á aðgengi að viðkvæmasta hluta hellisins.

3. gr.

Mörk náttúruvættisins.

Hallmundarhraun allt nýtur verndar sem eldhraun í samræmi við 37. gr. laga um náttúruvernd. Mörk náttúruvættisins eru hellirinn sjálfur og það land sem yfir honum er, auk 100 m jaðarsvæðis umhverfis hellinn. Vegna viðkvæmra jarðmyndana skal farið með upplýsingar um nákvæma staðsetningu hans sem trúnaðarmál. Upplýsingarnar eru varðveittar af Umhverfisstofnun sem er heimilt að veita þær þeim aðilum sem sérstakt leyfi hafa fengið til umferðar um hellinn og öðrum sem nauðsynlegt er að fá slíkar upplýsingar.

4. gr.

Verndun jarðmyndana.

Óheimilt er að hrófla við jarðmyndunum innan marka náttúruvættisins nema vegna verndar- aðgerða, hvort sem er á yfirborði eða neðanjarðar, þar með talið dropsteinsmyndunum í hellinum, en dropsteinar í öllum hellum landsins njóta verndar skv. auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 120/1974.

5. gr.

Landnotkun og mannvirkjagerð.

Mannvirkjagerð og jarðrask innan marka friðlýsta svæðisins er óheimil.

6. gr.

Umsjón náttúruvættisins o.fl.

Umhverfisstofnun getur falið landeigendum svæðisins umsjón með náttúruvættinu og skal þá um hana gerður sérstakur samningur sem umhverfisstofnun hefur staðfestir. Í samningnum skal m.a. kveðið á um réttindi og skyldur samningsaðila, mannvirkjagerð og aðrar framkvæmdir, landvörslu, fræðslu og gjaldtöku, sbr. 30. og 32. gr. laga um náttúruvernd. Slíkur samningur skal vera uppseggjanlegur af hálfu beggja aðila.

7. gr.

Umferð í náttúruvættinu.

Umferð um hellinn er háð sérstöku leyfi Umhverfisstofnunar, sbr. 3. gr. og umsjónaraðila náttúruvættisins, sbr. 6. gr., og er eingöngu heimil í fylgd með og undir leiðsögn umsjónaraðila. Umferð um viðkvæmasta hluta hellisins, þ.e. hinn afmarkaða hluta sem þegar hefur verið lokað, og þar sem dropsteinsmyndanir eru viðkvæmastar er alfarið óheimil nema brýnir almannahagsmunir séu í húfi að mati Umhverfisstofnunar og umsjónaraðila.

Umhverfisstofnun eða umsjónaraðila hellisins er heimilt að innheimta þjónustugjald fyrir veitta þjónustu, svo sem fyrir leiðsögn um hellinn, sbr. 32. gr. laga um náttúruvernd, og skal því varið til verndunaraðgerða við hellinn.

Gera skal ráðstafanir til þess að stjórna og koma í veg fyrir umferð um viðkvæma hluta hellisins og er í því sambandi heimilt að setja upp hlið sem unnt er að læsa.

8. gr.

Refsiákvæði.

Brot gegn friðlýsingu þessari varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, sbr. 75. og 76. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

9. gr.

Gildistaka.

Friðlýsingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisiráðuneytinu, 19. ágúst 2011.

Svandís Svavarsdóttir.

Steinunn Fjóra Sigurðardóttir.